

Fundargerð Stjórnar FASK

3 fundur. 12. Okt 2020 kl 11:00

Mættir: Anna María, Bergþóra, Ágúst Elvarsson, Matthildur, Laufey og Haukur Ingi

Fundargerð ritaði: Haukur Ingi

1. **Vinnufundur og skoðunarkönnun - Niðurstöður og hugmynd um nýrri dagsetningu fyrir vinnufundinn - Fylgigögn hrá gögn frá Söndru**

Haukur gerði grein fyrir framvindu mála og fundi sem hann átti með Söndru hjá Nýheimum. Kynnti hann helstu niðurstöður könnunarinnar. Fram kom að stefnt yrði að halda vinnufund í næstu viku. Samþykkt að stefna að vinnufundi fimmtudaginn 22. Okt í samræmi við leiðbeiningar og reglur sóttvarnaryfirvalda. Nákvæm tímasetning og staðsetning verður ákveðin síðar.

2. **Fundarplan veturinn 2020/2021**

Matthildur gerði grein fyrir fundarplani. Lagði hún til að fundarplanið verði samþykkt og að haldinn verði aðalfundur í byrjun janúar. Lagði hún til að fundað verði samkvæmt plani kl 13:00. Stefnt er að því að aðalfundur 28. Janúar eftir kl 17:00 og boðað verði til fundarinnis í samræmi við samþykktir. Samþykkt samhljóða.

3. **Íshellaferðir - úthlutun leyfa - félagsfundur - Umræður á fundinum auk þess að tillaga verður borin fram um að boða til félagsfundar fyrir afþreyingarfyrirtækin til að fá fram mismunandi sjónarmið mismunandi aðila sem hægt væri að taka saman minnisblaði um og koma sjónarmiðum á Vatnajökulspjóðgarð.**

Umræður sköpuðust um samningana. Rætt var um að reyna finna lausnir sem sameina bæði markmið þjóðgarðsins og fyrirtækja innan FASK. Samþykkt að boða til fundar með Steinunni Hödd á morgun, þriðjudag og boða afþreyingaraðila innan FASK að mæta á þann fund.

4. **Vakinn - Hvernig getur FASK komið að því að afla hagstæðra tilboða fyrir félagsmenn sem vilja gerast aðilar að Vakanum ?**

Rætt var um hvernig hægt er að gera fyrirtækjum betur kleift fjárhagslega að vera aðilar að Vakanum. Rætt var um að FASK standi sameiginlega að úttekt fyrir þá félagsmenn sem óska eftir því til að ná fram betri tilboðum í úttekt fyrir heildina, lækka flutningskostnað o.s.frv. Lagt til að auglýsa eftir þátttakendum fyrir næsta aðalfund.

Rætt var um annmarka hjá rekstraraðilum sem eru með tvennskonaþjónustu í boði, t.d. afþreying og gistingu á sömu kennitölu. Hvort rekstraraðilar geti eingöngu fengið úttekt á eina þjónustu sem það bíður upp á.

Félagið bendi Vakanum á ýmis mál er tengjast eftirliti á búnaði og tækjum sé gert virkt og sýnilegt til að tryggja öryggi gesta og leiðsögumanna.

5. Námskeið - Námskeið sem FASK gæti staðið fyrir og stuðlað að fyrir félagsmenn á óvissu tímum. Miðað á stjórnendur, svo sem lestur ársreikninga, áætlunargerð o.fl.

Bergþóra kynnti hugmynd um að FASK standi fyrir námskeiðum og spjallfundum sem styrkja stjórnendur og fyrirtæki. Svo sem lestur ársreikninga, hvernig er best að haga ráðningarferli, hvernig er best að haga uppsögn á starfsmönnum. Hvaða úrræði eru í boði fyrir smáfyrirtæki 1 - 3 starfsmenn, áætlunargerð. Bergþóru falið að afla tilboða í námskeiðshald og skipuleggja einn spjall fund sem FASK fyrir áramót í samræmi við umræður á fundinum.

6. Fundargerð svæðisráðs - Laufey gerir grein fyrir helstu málefnum svæðisráðsins

Laufey gerði grein fyrir síðasta svæðisráðsfundi, þar sem m.a kom fram umræða um heimild skotveiða á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs á Breiðamerkurjökli. Gerði hún einnig grein fyrir orðalagsbreytingar tillögu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Gerði hún einnig grein fyrir því að verið væri að skoða lækkun gjalda vegna leyfisveitingu.

7. Markaðsstofa Suðurlands - Ágúst gerir grein fyrir helstu málefnum Markaðsstofunnar - Stöðu mála

Ágúst gerði grein fyrir því að aðalfundur verður haldinn í þessari viku og þar verður hann tilkynntur í stjórn og Matthildur sem varamaður.

8. Lógó FASK

Ágúst gerði grein fyrir samskiptum við Daníel Imsland um lógó. Ágústi falið að ákveða lógó í samræmi við umræður á fundinum. Jafnframt samþykkt að kaupa lénið www.ferdaskaft.is gjaldkera falið að stofna fyrirfram gr. Kredit kort og kaupa lénið.

Fundi slitið 13:10